



# Kristín Jóhanna Kjartansdóttir

Fædd 23. maí 1945  
Dáin 17. apríl 2022



Útför frá Digraneskirkju  
mánudaginn 2. maí 2022

Prestur:  
*Séra Hans Guðberg Alfreðsson*  
Organisti & harmónikkuleikari:  
*Ástvaldur Traustason*  
Einsöngur:  
*Katrín Halldóra Sigurðardóttir*  
Fiðluleikari:  
*Kristín Björg Ragnarsdóttir*  
Kór:  
*Félagar úr Karlakór Reykjavíkur*  
Stjórnandi:  
*Aron Axel Cortes*  
Umsjón útfarar:  
*Útfararstofa Svafars og Hermanns*

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug.*

## Tónlist leikin á harmónikku á undan athöfn

### Forspil

Nótt

*Magnús Gíslason - Árni Thorsteinsson*

### Signing og bæn

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
glaður ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:  
hærra til þín.

*Matthías Jochumsson - Lowell Mason*

### Ritningarlestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer,  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Pétur Þórarinsson.*

### Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu  
fyrir sakir nafns síns.

Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.

Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

### Guðspjall

#### Einsöngur

Í blómabrekkunni

*Magnús Eiríksson*

### Minningarorð

#### Einsöngur

Í hjarta þér

*Jónas Árnason - Jón Müli Árnason*

### Bæn

Vér biðjum þig Drottinn að blessa þá hrjáðu,  
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.  
Lát náðar sól rísa, veg þeim öllum vísa  
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn að lindunum hreinu,  
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.  
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,  
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir  
og léttir oss göngu í stormanna klið.  
Frá ánauð og helsti gef hjörð þinni frelsi,  
þín hjálp er jafnan nær. Ó, Guð veit oss frið.  
Veit oss þinn frið.

*Óskar Ingimarsson - Adrian Valerius*

### Faðir vor

Kvöldið er fagurt, sól er sest  
og sefur fugl á grein.  
Við skulum koma, vína mín  
og vera saman ein.

Ég þekki fagran lítinn lund  
hjá læknum upp við foss.  
Þar sem gróa gullin blóm,  
þú gefur heitan koss.

Þú veist að öll mín innsta þrá  
er ástarkossinn þinn,  
héðan af aðeins yndi ég  
í örmum þínum finn.

Ég leiði þig í lundinn minn,  
mín ljúfa, komdu nú.  
Jörðin þó eigi ótal blóm,  
mín eina rós ert þú.

*Ingólfur Þorsteinsson - Enskt þjóðlag*

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820*

### Moldun

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820*

### Blessun

#### Eftirspil

Kom vornótt og syng

*Jón frá Ljárskógum - Chopin*